

# Fengu gott í gogginn á þrettándanum

Lionsklúbbarnir í Ólafsvík héldu árlega þrettándagleði fyrir íbúa Snæfellsbæjar síðastliðinn laugardag. Bæjarbúar hittust við Pakkhúsið í Ólafsvík og gengu í skrudgöngu að brennunni sem var rétt innan við Klif. Í göngunni voru álfadrottning, álfakóngur, álfameyjar auk mannskra manna. Lögreglan og slökkviliðið tóku þátt í skrudgöngunni að venju og sá slökkviliðið um brennuna

að göngu lokinni. Tónlist ómaði um svæðið á meðan gestir nutu brennunnar.

Að venju voru jólin kvödd með stórglæsilegri flugeldasýningu lionsklúbbanna, að því loknu gengu börn í búningum um bæinn og sníktu gott í gogginn. Mjög kalt var í veðri og mikil hálka en börnin létu það ekki á sig fá og fóru þau mörg hver heim með fullan poka af góðgæti eftir daginn.

JJ



# Nýársmót UMFG í blaki

Blakdeild Ungmennafélags Grundarfjarðar hélt opið nýársmót í upphafi árs í íþróttahúsi Grundarfjarðar. Mótið var sett upp sem einstaklingskeppni og dregið var í lið fyrir hvern leik en fjórar umferðir voru spilaðar. Alls mættu 37 blakarar til leiks en mótið var fyrir 8. bekk og eldri. Veitt voru verðlaun fyrir efstu sætin sem enduðu með flest stig eftir alla leikina. Til stóð að veita verðlaun fyrir þrjú efstu sætin en það endaði þó með því að fimm keppendur deildu með sér efstu tveimur sætunum. Þær Gréta Sigurðardóttir og Aldís Ásgeirsdóttir kláruðu mótið stiga-hæðstar með 101 stig og deildu því 1. sætinu. Runólfur Jóhann Kristjánsson, Sindri Snær Hinriks-



son og Gunnar Smári Ragnarsson söfnuðu allir þrír 99 stigum og deildu 2. sæti. Var fólk þarna komið til að skemmta sér, mikil stemning var á svæðinu þó keppnisskapið sé aldrei langt undan.

SJ



## Getraunir 1x2

Síðastliðinn laugardag var einn aðili af þeim, sem mættu í getraunakaffið okkar með 12 rétta leiki á sínum seðli og tveir með 11 rétta. Greinilegt var að úrslit leikjanna á seðlinum urðu þannig að betra liðið vann og því nokkuð augljós. Það gerði það að verkum að fjöldi tippara voru með úrslitin rétt og vinnings upphæðir því lágar. 11 rétt

úrslit voru ekki greidd út, því upphæðin náði ekki lágmarki. Svona uppákomur stoppa okkur ekki og getraunakaffið verður á sínum stað á laugardaginn á milli klukkan 11 og 12 í Áttthagastofunni. Kaffi á könnunni. Allir velunnarar Víkingur velkomnir.

### Áfram Víkingur

## ER KOMINN TÍMI Á FRAMKVÆMDIR?

Við þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og sumarhús, tökum m.a. að okkur:

- Allar almennar pípulagnir
- Breytingar baðherbergja og eldhúsa
- Skólþ- og drenlagnir
- Snjóbræðslu í tröppur og plön
- Uppsetningu á stýribúnaði
- Föllum yfir hitakerfi og stillum ef þess þarf
- Tengjum heita potta og uppsetningu á pottastýringum
- Gröfuvinnu
- Alla almenna múrvinnu innan sem utan
- Brotvinnu
- Flísalögn
- Smíðavinnu
- Rafvirkjun
- Tengjum rafstöðvar fyrir rafmagnsbíla
- Málavinnu innan sem utan

Meðal starfsmanna okkar eru:

- Pípulagningameistari
- sveinn í múrsmíði
- sveinn í rafvirkjun
- Húsasmíðameistari
- sveinn í húsamálun



FRÁRENNSLISLAGNIR EHF

ENDILEGA HAFIÐ SAMBAND EF ÞAÐ ER EITTHVAÐ SEM VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ MEÐ.

Sími: 778-8849



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi

### RÓBERT REGENBERG ÓSKARSSON Véltjóri frá Ólafsvík



Lést 30. desember á Dvalarheimilinu Jaðri.  
Útförin fer fram frá Ólafsvíkirkirkju laugardaginn 13. janúar kl.14:00.  
Einlægur þakki til starfsfólks Dvalarheimilisins Jaðars Ólafsvík  
Streymt verður frá athöfninni, hlekk á streymi verður hægt að  
nalgast á facebook síðu Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls.

#### Björg Elíasdóttir

Elías Jóhann Róbertsson  
Óskar Hafberg Róbertsson  
Róbert Regenberg Róbertsson

barnabörn og barnabarnabarn.

Elín Krístrún Halldórsdóttir  
Dana Sif Óðinsdóttir  
Adam Petrovski



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

# Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán stóðu fyrir flugeldasýningu á Þrettándanum.

Þessi fyrirtæki styrktu flugeldasýninguna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir:

	Sveinbjörn Jakobsson SH - 10			<b>Deloitte.</b>
			Rúný hf.	
				
				Útgerðarfélagið Haukur ehf.
Steinunn SH - 167		Guðmundur Jensson SH - 717		Lidalón ehf. Egill SH-195
	Ari Bjarnason Tannleknir			Bjartsýn ehf. Brynja SH - 237
	HG Lagnir 869-9362			
				

## Vínsmökkun í Útgerðinni



Ein af viðbótunum sem fylgdu flutningum Útgerðarinnar í nýtt húsnæði á Hellissandi var lítil vínstofa í horni verslunarinnar. Aðsókn í vínstofuna hefur verið góð en það er kærkomið fyrir íbúa Hellissands og gesti að setjast niður í rólegu umhverfi og njóta. Á milli jóla og nýárs auglýsti Útgerðin nýjung í þessari viðbót og var boðið upp á vínsmökkun. Jón Kristinn Ásmundsson, kokkur, mætti á staðinn og sá um vínkynningu. Lagði hann áherslu á létta fróðleik í bland við góð ráð

fyrir veisluborðið. Þá var smakkað fimm hátíðarvín sem henta með hamburgarhygg, villibráð og öðrum veislumat sem er vinsæll yfir hátíðarnar. Hvítvín, rauðvín og kampavín kom til sögunnar og fóru þátttakendur út fullir fróðleiks og klárir í að halda góða veislu til að kveðja árið. Eftir mjög skemmtilega kvöldstund segjast Rut og Heimir, eigendur Útgerðarinnar, full tilhlökkunar fyrir fleiri viðburðum á árinu sem var að ganga í garð.

SJ

## HEILD- OG VEFVERSLUN TIL SÖLU

Innflutningsfyrirtæki í heilsugeiranum með heildverslun og vefverslun til sölu.

Góður lager og hagstæður leigusamningur á skrifstofu fylgir.

Áhugasamir hafið samband við Elínborgu hjá Allt fasteignasölu. [elinborg@allt.is](mailto:elinborg@allt.is)



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Íþróttamaður Grundarfjarðar 2023



Val á íþróttamanni Grundarfjarðarbæjar árið 2023 fór fram í kringum áramótin eins og á ári hverju. Hver fær heiðurinn að þeim titli er undir Íþrótt- og tómskundanevnd Grundarfjarðarbæjar komið ásamt fulltrúum þeirra fjögurra félaga sem koma að tilnefningunni, Ungmennafélagi Grundarfjarðar, Hestaeigendafélagi Grundarfjarðar, Skotfélagi Snæfellsness og Golfklúbbnum Vestarr. Þrjár tilnefningar bárust að þessu sinni, Ungmennafélag Grundarfjarðar tilnefndi blakarann Önnu Maríu Reynisdóttir, Skotfélag Snæfellsness tilnefndi Dagnýju Rut Kjartansdóttur og Golfklúbburinn Vestarr tilnefndi Sigurbór Jónsson. Úrslitin voru

gerð kunn við hátíðlega athöfn í Samkomuhús Grundarfjarðar á gamlársdag og var Anna María Reynisdóttir þar heiðruð fyrir sitt framlag til blak starfsins í Grundarfirði. Anna María hefur verið lykilkona í blakliði UMFG síðastliðin 28 ár og á það við bæði innan vallar sem utan. Hún spilar blak af lífi og sál, hefur verið góð fyrirmynd yngri leikmanna og tekið vel á móti nýjum kynslóðum leikmanna. Anna María hefur haldið utan um og skipulagt heimaleiki og ferðir liðsins út á land. Einnig hefur hún setið í stjórn barna- og unglinga starfsins og stjórn meistaraflokks blakdeildar UMFG. Hún er því vel að þessum titli kom-

in. Við athöfnina voru sjálfboda-liðar einnig heiðraðir fyrir störf í þágu íþrótt- og tómskundamála í Grundarfirði auk þess sem árleg sængurgjöf samfélagsins var afhent foreldrum barna sem fæddust árið 2023. Á meðfylgj-

andi mynd er Anna María Reynisdóttir, íþróttamaður Grundarfjarðar 2023 ásamt móður sinni, Elsu Árnadóttur sem var heiðruð sem sjálfboda-liði ársins.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Kristófer og Birta skipta um lið



Knattspyrnufólkið og Ólsararnir Birta Guðlaugsdóttir og Kristófer Jacobson Reyes skiptu bæði á dögnum um félagslið.

Kristófer spilaði með Þrótti úr Vogum en hefur nú skrifað undir samning við tælenska B-deildar liðið Krabi. Kristófer er 26 ára gamall varnarmaður og er uppalinn í Víkingi úr Ólafvík. Hann hefur síðan spilað fyrir Ægi, Fjölni, Kórdrengi og Fram og æfði hann með A-landsliði Filippseyja um tíma. Kristófer er kominn út til Taílands og er byrjaður að stunda

æfingar með Krabi.

Birta, sem hefur stundað nám í Bandaríkjunum undanfarin ár, er gengin til liðs við Víking úr Reykjavík. Hún spilaði síðast með Stjórnunni frá 2018-2021 og lék þá samtals 26 leiki í efstu deild. Birta er 22 ára gömul og á baki 20 leiki sem markmaður með yngri landsliðum Íslands.

Á myndinni sem fengin er af heimasíðu Víkings í Reykjavík eru Berglind Bjarnadóttir mfl ráði kvenna og Birta Guðlaugsdóttir

JJ



Sími: 430 3700  
www.fmis.is



# Gjaldskrá

## vegna félagsheimilisins Klifs 2024

a) Dansleikur (stóri salur og kaffisalur - án STEF gjalda)	110.000
~ húsaleiga	kr. 68.000
~ þrif á húsinu	kr. 42.000
ATHUGA - leigutaki greiðir fyrir þá dyraverði sem þarf að hafa skv. reglum hússins	
ATHUGA - STEFgjöld eru greidd af leigutaka - reiknuð skv. Gjaldskrá STEF hverju sinni	
b) Helgarleiga - allt húsið (föstudagur - sunnudags) - t.d. ættarn kr.	145.000
b) Veislur - stóri salur, kaffisalur, blái salur og eldhús	kr. 75.000
c) Veislur - stóri salurinn og eldhúsið	kr. 65.000
d) Veislur - kaffisalurinn og eldhúsið	kr. 35.000
e) Veislur - blái salurinn	kr. 30.000
f) Veislur - salurinn uppi	kr. 25.000
g) Veislur (liður e og f) - aðgangur að eldhúsi	kr. 15.000
h) Fundir - kaffisalur og stóri salur saman	kr. 55.000
i) Fundir - stóri salurinn	kr. 35.000
j) Fundir - kaffisalurinn	kr. 25.000
k) Fundir - blái salurinn	kr. 30.000
l) Fundir - salurinn uppi	kr. 25.000
m) Erfidrykkjur	kr. 35.000
n) Fundir félagsamtaka	kr. 5.000
o) Minniháttar samkomur á vegum félagsamtaka	kr. 20.000
~ þetta á við um fjáraflanir þar sem félagsamtökin sjá sjálf um þrif, t.d. páskabingó, jólabingó, o.s.frv.	
~ þetta á <b>EKKI</b> við um stærri viðburði eins og t.d. Sjómannadagshóf, þorrablót eða slíkt	

\* Húsinu skal skilað hreinu, eins og tekið var við því, og allt á sínum stað.

\* Leigutaki sér sjálfur um uppsetningu og röðun á borðum og stólum og skal raða þeim upp aftur á þann hátt sem tekið var við þeim áður en húsinu er skilað (sjá teikningu í eldhúsi).

\* Þrif eru ekki innifalín í leiguverði, nema f. dansleiki, en hægt er að kaupa þrif skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Þrif á hliðarsölum (kaffisalur, blái salur, salur uppi) kr. 27.000

~ Þrif á stóra salnum kr. 42.000

\* Ef óskað er eftir því að nota ljósa- og/eða hljóðbúnað hússins, skal hafa samband við umsjónarmann sem útvegar fólk sem leigutaki greiðir fyrir skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Ljósa og hljóðmaður pr. klst. kr. 15.000

ATHUGIÐ! Gjaldið er pr klst og greiðist skv. skiluðum tímum ljósa- og hljóðmanns!

\* Hægt er að fá umsjónarmann til að sjá um kaffi á fundum og skal það gert um leið og húsið er pantað - að öðrum kosti er ekki gert ráð fyrir því að húsið sjái um veitingar.

~ Samið er um verð við umsjónarmann

\* Ef tónlist er höfð í húsinu þarf að greiða STEF gjöld. Klif er ábyrgt fyrir greiðslu STEF gjalda og sér því um innheimtu á þeim hjá leigutaka. Upphæð fer skv. gjaldskrá STEF hverju sinni og hægt er að nálgast hana á heimasíðu STEF.



# Sýning í Þjóðgarðsmiðstöðinni



Guðrún Arndís Tryggvadóttir myndlistamaður opnar sýninguna INNÍ / INSIDE í nýju Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi laugardaginn 13. janúar kl. 14:00. Sýningin mun standa til 21. apríl. Opið er á opnunartíma Þjóð-

garðsmiðstöðvarinnar eða daglega frá kl. 10:00 til 16:00.

Steinaríkið, efnisheimurinn, jarðsögulegar tilvitnanir og menningarminjar eru grunnþemu í verkaröð sem Guðrún hefur unnið að á síðastliðnum tveimur árum og er sýningin INNÍ önnur í röð sýninga þar sem allt snýst um tímann, það sem okkur er ósýnilegt og í raun ofar okkar skilningi, þar sem allt á upptök sín og allt endar.

ONÍ, fyrstu sýninguna í röðinni, hélt Guðrún í Sesseljuhúsi á Sólheimum síðastliðið sumar en næstu sýningar verða víðs vegar um landið. Að lokinni sýningunni í Þjóðgarðsmiðstöðinni opnar hún sýningu á norðausturlandi. Sýningin í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi sem og aðrar sýningar í röðinni, tengjast umhverfinu og staðsetningunni, bæði út

frá efnislegum veruleika sem og menningarsögunni.

Auk þess að vera hálærður myndlistamaður er Guðrún frumkvöðull á sviði umhverfisfræðslu en hún stofnaði og rak vefinn Natturan.is / Nature.is í tíu ár. Auk þess hefur hún starfað sem landvörður um árabil, bæði í Þjóðgarðinum á Þingvöllum og sem yfirlandvörður í Vatnajökulsþjóðgarði. Náttúrutengingin kemur vel fram í síðustu verkum hennar þar sem áhugi fyrir landinu og eðli hringrásar lífefna spilar stóran þátt í rannsóknar- og vinnsluáferðum við gerð hinna stóru

efniskenndu málverka.

Guðrún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín, bæði á sviði umhverfismála og menningarmiðlunar sem og fyrir myndlist sína. Verk hennar byggja á sterkum hugmyndafræðilegum og oft sögulegum grunni en hún gerir sífellt tilraunir með nýja tækni og frásagnaraðferðir í list sinni.

Guðrún mun vera með leiðsögn á opnunardeginum. Ef veður verður vont gæti þurft að breyta dagsetningu opunar og verður það þá auglýst sérstaklega.

## Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.



Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímappantanir í síma 436-1111

## Ártalið á höfninni á sínum stað

Lionsklúbbur Ólafsvíkur hefur frá stofnun staðið fyrir því að ártal sem skiptir um ár um áramót hafi glatt bæjarbúa.

Fyrstu áramót klúbbsins (73/74) fylltu lionsmenn niðursuðósir með olíu og tvist, gengið var með dósirnar upp í Enni og kveikt á þeim svo að þær mynduðu 1973 fyrir áramót og 1974 eftir miðnætti, seinna var svo ráð-

ist í að mynda ártalið með raflýsingu á Norðurgarðinum á hafnar-svæði Ólafsvíkur, sú hefð er enn í gangi. Þröstur Albertsson tók meðfylgjandi mynd í desember þegar verið var að koma ljósunum fyrir. TS vélaleiga sá um að hífa ljósín á sinn stað en þeir hafa verið klúbbum innan handar undanfarin ár þegar koma þarf ártalinu fyrir.



Bifreiðaverkstæði Egis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Jökull Bæjarblað  
 steinprent@simnet.is  
 436 1617



# Gjaldskrá

## vegna félagsheimilisins Rastar 2024

a) <b>Dansleikur (stóri salur og kaffisalur - án STEF gjalda)</b>		<b>92.000</b>
~ húsaleiga	kr.	55.000
~ þrif á húsinu	kr.	37.000
<b>ATHUGA - leigutaki greiðir fyrir þá dyraverði sem þarf að hafa skv. reglum hússins</b>		
ATHUGA - STEFgjöld eru greidd af leigutaka - reiknuð skv. Gjaldskrá STEF hverju sinni		
b) <b>Helgarleiga - allt húsið (föstudagur - sunnudags) - t.d. ættarn kr.</b>		<b>140.000</b>
c) <b>Veislur - allt húsið, þ.m.t. eldhúsið</b>	kr.	<b>55.000</b>
d) <b>Veislur - kaffisalurinn og eldhúsið</b>	kr.	<b>30.000</b>
e) <b>Fundir - kaffisalur og stóri salur saman</b>	kr.	<b>40.000</b>
f) <b>Fundir - stóri salurinn</b>	kr.	<b>30.000</b>
g) <b>Erfidrykkjur</b>	kr.	<b>30.000</b>
h) <b>Fundir - kaffisalurinn</b>	kr.	<b>20.000</b>
i) <b>Fundir félagasamtaka</b>	kr.	<b>5.000</b>
j) <b>Minniháttar samkomur á vegum félagasamtaka</b>	kr.	<b>20.000</b>
~ þetta á við um fjáraflanir þar sem félagasamtökin sjá sjálf um þrif, t.d. Páskabíngó, jólabíngó, o.s.frv.		
~ þetta á <b>EKKI</b> við um stærri viðburði eins og t.d. Sjómannadagshóf, þorrablót eða slíkt		

- \* Húsinu skal skilað hreinu, eins og tekið var við því, og allt á sínum stað.
- \* Leigutaki sér sjálfur um uppsetningu og röðun á borðum og stólum og skal raða þeim upp aftur á þann hátt sem tekið var við þeim áður en húsinu er skilað (sjá teikningu í eldhúsi).
- \* Þrif eru ekki innifalín í leiguverði, nema f. dansleiki, en hægt er að kaupa þrif skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Þrif á kaffisal	kr.	<b>22.000</b>
~ Þrif á stóra salnum	kr.	<b>37.000</b>
- \* Ef óskað er eftir því að nota ljósa- og/eða hljóðbúnað hússins, skal hafa samband við umsjónarmann sem útvegar fólk sem leigutaki greiðir fyrir skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Ljósa og hljóðmaður pr. klst.	kr.	<b>15.000</b>
---------------------------------	-----	---------------

**ATHUGIÐ!** Gjaldið er pr klst og greiðist skv. skiluðum tímum ljósa- og hljóðmanns!
- \* Hægt er að fá umsjónarmann til að sjá um kaffi á fundum og skal það gert um leið og húsið er pantað - að öðrum kosti er ekki gert ráð fyrir því að húsið sjái um veitingar.

~ Samið er um verð við umsjónarmann
-------------------------------------
- \* Ef tónlist er höfð í húsinu þarf að greiða STEF gjöld. Röst er ábyrg fyrir greiðslu STEF gjalda og sér því um innheimtu á þeim hjá leigutaka. Upphæð fer skv. gjaldskrá STEF hverju sinni og hægt er að nálgast hana á heimasíðu STEF.



# JANÚARÚTSALAN ER HAFIN

**Sjónvörp** á allt að **30%** afslætti

**Úlpur** á **50%** afslætti

**Skór og stígvél** á **25 - 50%** afslætti

**Samsung ryksuga** á **30%** afslætti

**Fatnaður** á **25 - 50%** afslætti

*Ýmsar aðrar vörur á tilboði*

*Á sama tíma er útsala hjá Ormsson og Origo  
Við bjóðum sömu verð á vörum frá þeim  
og þú færð að auki frían flutning*